

## Valgreinar í 8., 9. og 10. bekk 2019-2020

Valgreinar á unglíngastigi eru hluti af skyldunámi nemenda. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda er fyrst og fremst sá að gera hverjum og einum kleift að skipuleggja nám sitt út frá áhugasviði og framtíðaráformum. Því er mikilvægt að nemendur lesi þetta hefti vandlega með foreldrum/forráðamönnum og/eða kennara og námsráðgjafa og velji þær greinar sem þeir telja henta sér.

### Val innan skóla

---

Hér er að finna upplýsingar um valgreinar sem verða í boði fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2019-2020. Valið er þrískipt. Um er að ræða listgreinaval og verkgreinaval, sem hvort tveggja er skylduval, og í þriðja lagi er um að ræða frjálst val þar sem nemendur geta valið það sem hugurinn gírnist annaðhvort bóknám, íþróttir og/eða meira nám í list- og verkgreinum.

**Þess skal getið að við útskrift nemenda úr grunnskóla er þess krafist að nemendur séu metnir bæði í listgreinum og í verkgreinum.**

### Val utan skóla

---

Sérstaklega skal á það bent að nemendur geta fengið nám við t.d. tónlistarskóla, myndlistarskóla, málaskóla eða ballettskóla metið sem tvær kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi (svo sem hjá Gróttu), félagsstarfi eða sjálfboðaliðastarfi metna til tveggja vikustunda. Val af þessu tagi fellur undir frjálst val nema sérstaklega sé samið um annað.

### Fjöldi val tíma

---

Athugið að heildarkennslustundafjöldi nemenda á að vera 37 vikustundir í 8.-10. bekk en kjarnagreinar eru 29 kennslustundir. Skólinn hefur hins vegar valið að verja tveimur kennslustundum á viku í yndislestur eins og undanfarin ár þannig að í raun færist þá fjöldi kennslustunda í kjarnagreinum upp í 31 kennslustund. Valmöguleikar eru því eftirfarandi í einstökum árgöngum:

- 7. bekkingar velja fyrir næsta skólaár: Tvær listgreinar – eina fyrir hvora önn, tvær verkgreinar – eina fyrir hvora önn og tvær valgreinar í frjálssu vali – eina fyrir hvora önn. Nemendur sem velja stærðfræði, spænsku, þýsku eða félagsmálafræði eru hins vegar að velja fyrir allan veturinn.
- 8. og 9. bekkingar velja fyrir næsta skólaár: Eina listgrein – annaðhvort á vor- eða haustönn, eina verkgrein – annaðhvort á vor- eða haustönn, og tvær námsgreinar í frjálssu vali – annars vegar fyrir haustönn og hins vegar fyrir vorönn. Nemendur sem velja stærðfræði, spænsku, þýsku eða félagsmálafræði eru hins vegar að velja fyrir allan veturinn.

### Aðalval og varaval

---

Það skal tekið fram að skólinn getur ekki tryggt að hægt verði að koma til móts við óskir allra nemenda varðandi aðalval og mun þá næsti kostur, varaval nemenda, tekinn í staðinn. Einnig

áskilur skólinn sér allan rétt til að draga til baka námsframboð um valgreinar ef umsækjendur reynast of fáir eða ef kennari fæst ekki til kennslu í viðkomandi grein.

### **Bindandi val**

Þá skal tekið fram að val nemenda er bindandi og felur í sér yfirlýsingu nemanda um að hann muni leggja sig fram um að standast þær kröfur sem gerðar eru í hverri grein fyrir sig.

Það er því mjög mikilvægt að nemendur vandi valið og íhugi gaumgæfilega hvaða valgreinar henta þeim best.

### **Efnisyfirlit**

<b>Listgreinar</b> .....	<b>4</b>
<b>Endurhönnun – gamlir hlutir fá nýtt líf 08, 09 og 10</b> .....	<b>4</b>
<b>Hönnun mannvirkja í tölvum 09 og 10</b> .....	<b>4</b>
<b>Myndmennt 1 undirstaða</b> .....	<b>4</b>
<b>Myndmennt 2 nemendur þurfa að hafa lokið myndmennt 1</b> .....	<b>5</b>
<b>Ritsmiðja-skáldleg skrif 08, 09 og 10</b> .....	<b>5</b>
<b>Stuttmyndagerð 09 og 10</b> .....	<b>6</b>
<b>Söng- og leiklist 08, 09 og 10</b> .....	<b>6</b>
<b>Tónsmiðja 08, 09 og 10</b> .....	<b>6</b>
<b>Verkgreinar</b> .....	<b>7</b>
<b>Bakstur 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið bakstur áður)</b> .....	<b>7</b>
<b>Matur og menning framandi landa 09 og 10</b> .....	<b>7</b>
<b>Heimilisfræði 08, 09 og 10</b> .....	<b>7</b>
<b>Málmsmíði 09 og 10</b> .....	<b>8</b>
<b>Saumar og hönnun 08, 09 og 10</b> .....	<b>8</b>
<b>Skartgripagerð 08, 09 og 10</b> .....	<b>8</b>
<b>Smíði 08, 09 og 10</b> .....	<b>9</b>
<b>Tálgun og útskurður 08, 09 og 10</b> .....	<b>9</b>
<b>Frjálst val</b> .....	<b>10</b>
<b>Badminton 08, 09 og 10</b> .....	<b>10</b>

<b>Enska–undirstöðuatriði 08, 09 og 10 .....</b>	<b>10</b>
<b>Félagsmálafræði 08, 09 og 10 .....</b>	<b>10</b>
<b>Forritun 09 og 10.....</b>	<b>10</b>
<b>Framkoma og ræðumennska 08, 09 og 10 .....</b>	<b>11</b>
<b>Hagnýt þekking að lokinni grunnskólagöngu 09 og 10 .....</b>	<b>11</b>
<b>Yoga 08, 09 og 10 .....</b>	<b>12</b>
<b>Heimspeki 09 og 10 .....</b>	<b>12</b>
<b>Hvað get ég gert? 08, 09 og 10 .....</b>	<b>12</b>
<b>Kvikmyndasaga 08, 09 og 10 .....</b>	<b>13</b>
<b>Lífið er alls konar.....</b>	<b>13</b>
<b>Gerver-makerspace 08, 09 og 10 .....</b>	<b>14</b>
<b>Spænska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi .....</b>	<b>14</b>
<b>Spænska framhaldsáfangi 09 og 10 .....</b>	<b>14</b>
<b>Stærðfræði – Grunnur/aðstoð við heimanám í stæ 08, 09 og 10 .....</b>	<b>14</b>
<b>Stærðfræði – Framhald I 08, 09 og 10.....</b>	<b>15</b>
<b>Stærðfræði- Framhald II 09 og 10 .....</b>	<b>15</b>
<b>Vísindavaka, verklegar æfingar (tilraunir) 09 og 10 .....</b>	<b>16</b>
<b>Þýska 09 og 10 - byrjendaáfangi .....</b>	<b>17</b>
<b>Nám utan skóla 08, 09 og 10 .....</b>	<b>17</b>
<b>VARAÓSKIR.....</b>	<b>17</b>

# Listgreinar

## Endurhönnun – gamlir hlutir fá nýtt líf 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Endurhönnun.

Hugmyndaflug, frumkvæði og sjálfstæði fá að njóta sín við að finna ólíklegasta dóti ný hlutverk. Húsgögn, listaverk, nytjahlutir, nýjasta tíska og hver veit hvað? Farið verður í vettvangsheimsóknir þar sem endurnýting er höfð að leiðarljósi.

Einstaklings- og hópavinna.

**Námsmat:** Verkin, hugmyndavinnan og ferlið við úrlausn verkefna er metið.

**Kennslugögn:** Ýmsar heimasíður tengdar efninu.

**Kennslustundafjöldi:** 2kestr/v í eina önn

**Kennari:** ?

## Hönnun mannvirkja í tölvum 09 og 10

**Námslýsing:** Tölvur geta verið ótrúlega öflugt tæki til sköpunar. Við ætlum að nota tvö verkfæri til að hanna húsnæði og umhverfi. Annars vegar notum við Google SketchUp og hins vegar Minecraft.

*Google SketchUp* notum við til að teikna þrívíddarteikningu af húsum og hlutum.

Þrívíddarteikningar hafa lengi verið notaðar af arkitektum en eru einnig grundvallarfyrirbæri í öllum sýndarveruleika svo sem í tövluleikjum eða bíómyndum. Þrívíddarmódel sem þessi eru einnig grunnurinn í 3D prentun.

*Minecraft* býður upp á sandkassa þar sem við ætlum að bygga saman og skipuleggja. Ætlunin er að búa til vettvang þar sem nemendur vinna saman að því að skipuleggja, hanna og skapa inni í *Mincraftheiminum*. Námskeiðið mun reyna verulega á samvinnu, samskipti og þolinmæði.

**Verkefni:** Samvinna, skipulag, undirbúningur verkefna, hönnun, sköpun, samskipti.

**Kennslugögn:** Google SketchUp og Minecraft

**Námsmat:** Verkefnavinna - þátttaka í tímum lögð til grundvallar.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kestr/v í eina önn

**Kennari:** Þorleifur Örn

## Myndmennt 1 undirstaða

**Námslýsing:** Kennnd er m.a. undirstaða í leirmótun, málun og teikningu. Nemendur kynna sér ýmsa listamenn og myndlistaform s.s. vídeó gjörninga og gjörninga sem tengjast ákveðnu þema, t.a.m. umhverfinu.

**Leir námslýsing:** Unnið með margvísleg form og formskynið þjálfað. Lögð er áhersla á hugmynda- og skissuvinnu, verkþjálfun og mótun. Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

**Kennslugögn:** Leir og glerungar, leirverk (bækur, netið). Heimsókn á leirverkstæði.

**Málun námslýsing:** Unnið með ýmis efni og aðferðir t.d. akryl, vatnsliti og litafræði, t.d. áhrif lita. Hugmynda- og skissuvinna. Farið á eina málverkasýningu. Listasaga.

Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

**Kennslugögn:** Fjölbreyttur efniviður, t.d. ýmiss konar pappír, strigi, litir og penslar. Leiðsögn á safni og listaverk (bækur, netið og sýningar).

**Teikning námslýsing:** Hagnýt þekking á færni í teikningu og myndrænni miðlun t.d. skygging, form, fjarvídd og myndbygging. Hugmynda- og skissuvinna. Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

**Kennslugögn:** Ýmiss konar pappír, blýantar og túss m.a. Heimsókn á safn eða vinnustofu.

**Almenn myndmennt námslýsing:** Kynning á listamönnum og túlkun þeirra. Nemendur túlka ákveðið efni, s.s. umhverfið og bókmenntir, með gjörningum og vídeóupptökum.

**Námsmat:** Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Lára Óskarsdóttir

## Myndmennt 2 nemendur þurfa að hafa lokið myndmennt 1.

**Námslýsing:** Kennnd er m.a. leirmótun, málun og teikning. Nemendur kynna sér ýmsa listamenn og myndlistaform s.s. vídeó gjörninga og gjörninga sem tengjast ákveðnu þema, t.a.m. umhverfinu.

**Leir námslýsing:** Unnið með margvísleg form og formskynið þjálfað. Lögð er áhersla á hugmynda- og skissuvinnu, verkþjálfun og mótun. Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

**Kennslugögn:** Leir og glerungar, leirverk (bækur, netið ). Heimsókn á leirverkstæði.

**Málun námslýsing:** Unnið með ýmis efni og aðferðir t.d. akryl, vatnslit og olíu. Litafræði t.d. áhrif lita. Hugmynda- og skissuvinna. Farið á eina málverkasýningu. Listasaga.

Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

**Kennslugögn:** Fjölbreyttur efniviður, t.d. ýmiss konar pappír, strigi, litir og penslar. Leiðsögn á safni og listaverk (bækur, netið og sýningar).

**Teikning námslýsing:** Hagnýt þekking á færni í teikningu og myndrænni miðlun (t.d. skygging, form, fjarvídd og myndbygging). Hugmynda- og skissuvinna. Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

**Kennslugögn:** t.d. Ýmiss konar pappír, blýantar, túss og blek. Heimsókn á safn eða vinnustofu.

**Almenn myndmennt námslýsing:** Kynning á listamönnum og túlkun þeirra. Nemendur túlka ákveðið efni, s.s. umhverfið og bókmenntir, með gjörningum og vídeóupptökum.

**Námsmat:** Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Lára Óskarsdóttir

## Ritsmiðja-skáldleg skrif 08, 09 og 10

**Námslýsing og markmið:** Viltu fá næði til að skrifa?

Nemendur fá tíma til að rita texta frá eigin brjósti. Við skrifin eru þeir hvattir til að spreyta sig á að beita ríkulegu tungu- og máltaki við að tjá hugsanir sínar, tilfinningar, reynslu eða hugmyndir og á margvíslegu formi svo sem í formi smásagna, örsagna, teiknimyndasagna eða annarra ritunarsniða. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og ábyrgð á eigin skrifum. Ritun fer fram á tölvutæku formi, í rit- og myndvinnslu og jafnvel á pappír. Nemendur fá aðstoð við prófarkalestur.

Til greina kemur að birta efni á heimasíðu skólasafnsins eða á öðrum viðunandi vettvangi en aðeins með samþykki nemandans.

**Kennsluefni:** Ýmis verkefni frá kennara.

**Lykilhæfni:** Tjáning og miðlun, Skapandi og gagnrýnin hugsun og Ritun við lok 7. og 10. bekk grunnskóla.

**Námsmat:** Hugsmíðin og afrakstur metið út frá námslýsingu og markmiðum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest./v. í eina önn

**Kennari:** Ragnhildur Birgisdóttir

## Stuttmyndagerð 09 og 10

**Námslýsing:** Við förum í undirstöðuatriði í gerð stuttmyndar: Hugmyndavinnu handritavinnu, undirbúning, myndatöku, klippingu, eftirvinnslu og útgáfu.

**Námsmat:** Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggir á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

**Kennslugögn:** Myndavélar, símar, þrífætur, hljóðnemar og hvað það sem okkur kann að detta í hug.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Þorleifur Örn

## Söng- og leiklist 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum og spuna. Þá er einnig farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Nemendur búa til stutta leiksýningu út frá spuna sem sýnd verður í lok annar. Í sýningunni fléttum við saman söng og leik.

**Markmið:**

Að nemendur þjálfist í framkomu á sviði, radd - og líkamsbeitingu.

Að nemendur efli/öðlist sjálftraust og sköpunargleði.

**Námsmat:**

Virgni og áhugi 50%

Frumleiki og túlkun 20%

Jákvæðni 20%

Framfarir 10%

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Inga Björg

## Tónsmiðja 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Gefa nemendum kost á að kynnast píanói, bassa, gítar og trommum til að geta spilað og sungið saman rytmíska tónlist undir leiðsögn tónlistarkennara. Nemendur eru ekki að læra eftir nótum heldur eftir eyra. Ekki er gerð krafa um hljóðfærakunnáttu til þess að velja þennan áfanga. Fjöldi nemenda í áfanganum getur verið á bilinu 4 – 7. Kennsla fer fram í samspilssal Tónlistarskólans

**Námsmat:** Mæting, virkni og að koma fram á tónleikum.

**Kennslustundir:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Kennarar úr tónlistarskóla

# Verkgreinar

## Bakstur 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið bakstur áður)

**Námslýsing:** Megináhersla er lögð á mismunandi bakstursaðferðir, s.s. ger- og lyftiduftsbakstur þar sem bakaðar verða bollur og múffur, sætabrauð úr þeyttu, hrærðu og hnoðuðu deigi og hrákökur. Kennnt er að vega og mæla og nemendur eiga að geta breytt g í dl og öfugt.

Nemendur vinna sjálfstætt eftir uppskriftum. Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hverrar kennslustundar

**Kennslugögn:** Gott og gagnlegt útg. Námsgagnastofnun, ýmsar bækur og blöð um bakstur.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Bjargey

## Matur og menning framandi landa 09 og 10

**Námslýsing:** Unnið verður með 5 meginþemu í matreiðslu og bakstri, menningu og sögu framandi landa.

**Hér er um framhaldsnámskeið að ræða** fyrir þá nemendur sem áður hafa valið bakstur og/eða heimilisfræði og því er gert ráð fyrir að nemendur séu vel kunnugir eldhúsi og umgengni við öll þau tól og tæki sem notuð eru. Meginmarkmið námsins eru:

Að nemendur kynnist matargerð og menningu framandi landa

Að nemendur læri að finna uppskriftir og upplýsingar í gegnum netið og á bókasafni

Að nemendur læri að elda, baka og meðhöndla mat eftir hinum ýmsu aðferðum og hefðum framandi landa

Að nemendur læri að meta og virða menningu og hefðir í matargerð annarra landa.

Unnið verður að mestu í kennslueldhúsi við eldun og bakstur en einnig verður farið í tölvuver og á bókasafn sem og í innkaupaferðir á heimshornamarkaði. Leitast verður við að fá gesti sem þekkja til eða eru frá framandi löndum til að segja frá þeirra reynslu og upplifunum. Boðið verður til veislu í lok hverrar annar.

**Námsmat:** Símat. Nemendur og kennari vinna saman að mati í lok hvers þema.

**Kennslustundir:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Bjargey

## Heimilisfræði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið verður í helstu baksturs- og matreiðsluaðferðir með það að leiðarljósi að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan hversdagsmat samkvæmt manneldismarkmiðum.

Næringu, hollustu og hreinlæti ásamt neytenda- og umhverfisfræði er fléttað inn í námið.

Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

**Námsmat:** Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hverrar kennslustundar.

**Kennslugögn:** Gott og gagnlegt, útg. Námsgagnastofnun, Eldað í dagsins önn, höf. Sigrún V. Stefánsdóttir, uppskriftir úr ýmsum blöðum og bókum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Bjargey

## Málmsmíði 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur kynnast vinnu með tinmálma og gera úr þeim nytjahluti og skartgripi sem þeir hanna og útfæra sjálfir. Byrjað verður á því að hanna nytjahlut þar sem nemendur læra að saga út málm og kveikja hann saman. Þegar líður á önnina færum við okkur yfir í skartgripi og gerum meðal annars hring, hálsmen og aðra hluti. Unnið er með ýmis handverkfæri, sagir þjalir hamra og annað sem notað er við málsmíði.

**Námsmat:** Nemendur eiga að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar, sýnt vönduð vinnubrögð og frumkvæði í sköpun sinni og unnið eftir vinnuferli frá sköpun til afurðar. Nemendur eiga jafnframt að geta unnið sjálfstætt og tjáð sig um verkefni sín og notað hugtök sem tengjast viðfangsefninu.

**Kennslugögn:** Sýnikennsla, teikningar, bækur, ýmis verkefni á vefnum og sýnismyndbönd.

**Kennslustundir:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Ásta S.

## Saumar og hönnun 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Nemendur vinna að eigin hugmyndum til útfærslu í fatasaum, þrjóni og fleiri aðferðum textílsins. Unnið með tilbúin snið þar sem nemendur aðlaga sniðin að eigin hugmyndum. Auk þess vinna nemendur með grunnsnið og þeim kennt að framkvæma einfaldar sniðútfærslur. Áhersla er lögð á notkun skissubókar og að nemendur komi hugmyndum sínum til skila í skissuvinnu. Einnig að þeir læri að fylgja verki sínu frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér vönduð vinnubrögð.

Nemendur hafa að mestu leyti frjálstar hendur með verkefnaval, sem miðast við getu hvers og eins. Verkefni sem tengjast endurvinnslu og endurhönnun eru unnin og nemendur eru hvattir til að breyta, bæta og endurhanna fatnað sem þeir eru hættir að nota. Ýmsar aðferðir eru notaðar s.s. vélsaumur, útsaumur, þrykk og þrjón.

Farið í vettvangsferðir, í efnaverslanir og á fata- og hönnunarsýningar eftir framboði.

**Námsmat:** Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Útfærslu hugmynda, vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

**Námsögn:** Sniðablöð, snið og verklýsingar frá kennara ásamt handbókum á bókasafni og í kennslustofu.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** ?

## Skartgripagerð 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið verður yfir helstu atriði í skartgriðagerð eða samsetningu á perlum. Unnið verður með tré-, gler-, plast-, leir- og steinkúlur. Einnig verður farið í það að búa til pappírperlu. Nemendur hafa frjálst val um hönnun og útfærslu skartgripanna. Einnig verður farið í það að endurnýta hluti sem og nýta annan efnivið í skartgripagerðina. Notast verður við ýmis handáhöld.

Í skartgripavali er miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfæra. Nemendur læri að meta hvenær frágangur telst vandaður. Það er einnig markmið að efla skilning nemenda á skipulagningu, hönnunarferli og gerð áætlana.

Smíðaeefni: tré, plast, leir, gler, steinn, vír, borðar, girni og teygjur, pappír og lím,

Málning verður einnig notuð.

**Kennslugögn:** teikningar, bækur og ýmislegt efni á vefnum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest./v. í eina önn



**Kennari:** Ásta S.

## Smíði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Valgreinin hönnun og smíði byggist m.a. á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast við lok 7. bekkjar. Þessi valáfangi er hugsaður sem vettvangur fyrir nemendur með áhuga á verkgreinum, einkum þó hönnun og smíði hluta úr viði. Kynntir verða möguleikar í smíðum og hönnun og farið inn í ferli hönnunar. Valið nýtist líka þeim nemendum sem hafa sérstakan áhuga á handverki og vilja þjálfun í því. Verkefni sem unnin eru í smíðavali eru efnismeiri og meira krefjandi en nemendur eiga að venjast fram að þessu. Farið er nánar í ýmsa þætti handverks, notkun algengra handverkfæra og einnig lestur smíðateikninga og eins málsetningu hluta sem á að smíða. Lögð verður áhersla á skapandi þætti hönnunar og smíði, notkun fjölbreytts efniviðar s.s. ýmiss konar viðartegunda og möguleikar efnisins skoðaðir. Hver nemandi fær tækifæri til að vinna að eigin hugmyndum og útfæra þær. Hugmyndir eru skráðar í skissubók, hugmyndaferlið skoðað og endurskoðað og hugmyndum leyft að þróast og taka breytingum. Einnig er gert ráð fyrir að nemandi smíði hlut eftir nákvæmri smíðateikningu. Einnig munu nemendur vinna að nýsköpun, vinna að hugmyndum sínum að raunverulegum hlut eða líkani.

Kennd er meðferð og notkun algengra smíðaverkfæra, bæði handverkfæra og rafknúinna verkfæra. Tífsagir, slípivélar, rennibekkir og bandsög eru notaðar sem fyrr en stærstu trésmíðavélar skólans munu nemendur ekki nota. Ef þörf krefur verður unnið með rafmagn og tengingar einfaldra rafmagnshluta í nýsköpunarverkefnum.

**Verkefnavinna og skil:** Gert er ráð fyrir að nemendur skili a.m.k. einum fullnum hlut í lok annar.

**Námsmat:** Við mat á vinnu nemenda er höfð hliðsjón af útfærslu á hugmyndum, vinnubrögðum og vinnusemi, framförum, frumkvæði og endanlegu verki.

**Kennslugögn:** Teikningar, verkefni úr ýmsum bókum og af vef.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest./v. í eina önn

**Kennari:** ?

## Tálgun og útskurður 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Lögð verður áhersla á grunn tækni við tálgun og að nemendur læri að umgangast hnífa. Byrjað verður á því að nemendur búi til sinn eigin hníf sem þeir munu nota til tálgunar yfir önnina. Farið verður yfir ýmsar trjátegundir og hvaða efniviður er bestur til tálgunar. Farið verður í vettvangsferðir í grenndarskóga og meðal annars tálgað utan dyra ef veður verður skaplegt.

Tálgaðir verða nokkrir hlutir þar sem mismunandi aðferðum er beitt.

Farið verður í grunnatriði útskurðar og hvaða járnum er beitt. Einnig verður farið í hvernig við berum okkur að á hverju stigi, umhirðu á verkfærum, brýnslu, val á efni og fleira. Nemendur læra að draga mynstur og vinna eftir því.

Áætlaða er að nemendur klári einn útskurðarhlut á önninni

**Námsmat:** Við mat á vinnu nemenda er höfð til hliðsjónar útfærsla á hugmyndum, vinnubrögð og vinnusemi, frumkvæði, framfarir og endanlegt verk.

**Kennslugögn:** Teikningar, bækur og ýmis verkefni af vefnum sem og sýningarmyndbönd

**Kennslustundir:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Ásta S.

# Frjálst val

## Badminton 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Byggt er ofan á þann grunn sem nemendur hafa fengið í badmintoni í skólaíþróttum. Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í grunnsögum s.s. forhönd, bakhönd, uppgjöfum, smassi o.s.frv. Nemendur læra reglur bæði í einliða- og tvíliðaleik. Áhersla er lögð á hreyfingar á vellinum, árangursríkar staðsetningar bæði í sókn og vörn.

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum, ástundun og færni.

**Kennslugögn:** Íþróttafatnaður

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

**Kennari:** Metta

## Enska-undirstöðuatriði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Farið er í undirstöðuatriði í málfræði og unnin ýmis málfræðiverkefni sem nemendur safna í möppu. Einnig eru lesnir léttir textar með áherslu á orðaforða og ritun.

**Námsmat:** Verkefnum er safnað í möppu sem er metin í lok annar. Hver önn er fjórar lotur og gildir hver lota 25%

**Kennslugögn:** Verkefni á netinu frá Námsgagnastofnun og Skólavefnum auk léttlestrarbóka á bókasafni skólans.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Brynhildur

## Félagsmálafræði 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Félagsmálafræðin sér um skipulag og framkvæmd á öllu félagslífi Valhúsaskóla og mælum við með því að allir, sem hugsa sér að bjóða sig fram í nemendaráð Valhúsaskóla, séu skráðir í félagsmálafræði. Í félagsmálafræðinni eru böll og aðrir viðburðir skipulagðir ásamt því sem nemendur í félagsmálafræði hjálpa til á viðburðum með því að skreyta og aðstoða í sjoppu og miðasölu. Í áfanganum er farið yfir undirstöðuatriði í markaðssetningu, viðburðarstjórn, verkefnastjórn, stefnumótun auk þess sem unnið er að því að styrkja sjálfmynd nemenda, samskipti og framkomu. Áfanginn er kenndur af starfsmanni Selsins.

**Námsmat:** Námsgreinin er metin til einkunnar. Einkunnagjöf byggir á mætingu í tíma, virkni í tímum, mætingu í félagsmiðstöðina og virkni/ábyrgð á viðburðum sem hópurinn stendur fyrir.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v allan veturinn

**Kennarar:** starfsmenn Selsins

## Forritun 09 og 10

**Námslýsing:** Forritun og þau tungumál sem notuð eru til að forrita tölvur skipa æ stærri þátt í daglegu lífi okkar. Í þessu valnámskeiði ætlum við að prófa okkur áfram með forritun og reyna að tileinka okkur hugsunina á bak við forritun. Það er ekki krafist neinnar kunnáttu í forritun fyrir þetta valnámskeið. Við byrjum saman á byrjuninni og verkefni munu reyna verulega á samvinnu, samskipti og þolinmæði.

**Verkefni:** Samvinna, forritun, rökhugsun, þrautalausnir verkefna, hönnun, samskipti.

**Kennslugögn:** Ýmiss konar forritanleg tæki, vefsíður og vélmenni.

**Námsmat:** Verkefnavinna - þátttaka í tímum lögð til grundvallar.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Þorleifur Örn

## Framkoma og ræðumennska 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Lagðar eru fyrir nemendur æfingar er varða kynningar á t.a.m. glærum eða verkefnum. Lögð er áhersla á að efla sjálfstraust og þjálfar upp öryggi. Æfingar miðast við aldur og getu hvers og eins.

**Kennslugögn:** Í það eða sambærilegt tæki til að taka upp ákveðnar kynningar. Ath að upptökur eru einkamál hvers og eins og verður þeim ekki dreift á milli, heldur eingöngu notaðar af kennara og viðkomandi nemanda til skoðunar.

**Verkefni:** Kynning á áhugamáli og ferðalagi, leikræn upphitun, kynning á verkefni, Power Point kynning.

**Námsmat:** Lögð er áhersla á leiðsagnarmat og sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin frammistöðu.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Lára Óskarsdóttir. Lára hefur reynslu frá 2007 af því að þjálfar bæði unglunga og fullorðna í kynningum og ræðumennsku.

## Hagnýt þekking að lokinni grunnskólagöngu 09 og 10

**Námslýsing:** Kennslan miðar að því að nemendur öðlist dýpri og meiri þekkingu á því hvað tekur við að loknu námi, eins og hvernig sækir maður um vinnu á netinu, hvernig fer atvinnuviðtal fram, hver er munurinn á milli starfsnáms og bóklægs náms og hvernig veit ég hvað hentar mér? Fyllt verður í eyðurnar þegar kemur að þekkingu nemenda á því hvernig samfélagið virkar og hvað það þýðir að vera fullgildur og fullorðinn borgari á Íslandi. Einnig verður fjallað um rétt einstaklingsins og skyldur. Hvað er lýðræði, hvaða skyldur hefur samfélagið gagnvart einstaklingnum og hvaða skyldur hefur einstaklingurinn gagnvart samfélaginu – borgaravitund. Farið verður yfir helstu staði internetsins sem gott er að þekkja þegar fram í sækir, eins og <https://minn.rsk.is/Thjonustusidur/> - skatturinn. Hvað er íslykill og hvernig er hægt að nálgast hann ofl.

**Verkefni:** Í byrjun er námskeiðið byggt á fyrirlestrum, kennslumyndböndum og umræðum í tímum þar sem farið er yfir þá þætti sem nauðsynlegt er að vita þegar að grunnskólanámi líkur, hvað vita nemendur nú þegar og hvaða þekkingu skortir. Horft verður á fréttabrot, heimildarmyndir ofl.

Seinni hluti námskeiðsins er verklegur þar sem er notast verður við hlutverkaleiki þar sem nemendur fylla út ferilskrá (CV), fylla út starfsumsókn og fara í starfsviðtal.

**Námsmat:**

- Jafningjamat - Nemendur meta vinnu í hópastarfi og hvort og hvernig markmiðunum hefur verið náð.
- Sjálfsmat - Nemendur meta eigin vinnu og rökstyðja einkunn.
- Símat - Mat kennara á vinnu nemenda, umgengni og hegðun í tímum.
- Verkefnamat - Verkefni yfirfarin og metin út frá lykilhæfniviðmiðum aðalnámskrár: þ.e. tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð nemenda á eigin vinnu og framförum.

**Kennslugögn:** Tedx og Ted fyrirlestrar (myndbönd), vefir sem nýtast, s.s. skatturinn og hvernig er hægt að fá hjálp við val á leiðum innan framhaldsskóla/háskóla og efni frá kennara (hlutverkaleikir – atvinnuviðtal ofl.)

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Arna Magnea Danks

## Yoga 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Kynning á ýmsum tegundum af yogatímum, s.s. Hatha, Kundalini og Yin Yoga. Í Hatha jóga er unnið með hatha jógastöður (asana), öndun (pranayama) og slökun (yoga nidra). Mismunandi útfærslur verða teknar fyrir, svo sem yoga-flæði. Áhersla er á sterka miðju og sveigjanleika. Flæðandi, líflegur og krefjandi tími sem mun efla innri kraft og tilgang.

**Námsmat:** mæting og virkni í tímum

**Kennslustundir:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Bjargey

## Heimspeki 09 og 10

**Námslýsing:** Í heimspekivali fást nemendur við spurningar sem snerta tilveru þeirra, áhugasvið og daglegt líf. Í glímunni við þessar spurningar þjálfast nemendur í gagnrýnni hugsun, rökhugsun og skoðanaskiptum. Nemendur vinna enn fremur með siðferðileg álitamál og æfa sig í því að taka afstöðu með eða á móti og færa rök fyrir máli sínu, munnlega og skriflega. Jafnframt því mun nemendahópurinn taka þátt í rökræðum og hlusta á og taka afstöðu til fleiri sjónarmiða heldur en þeirra eigin. Sem dæmi um álitamál sem gæti verið lagt fyrir hópinn má nefna eftirfarandi:

- Er maðurinn góður eða vondur?
- Er sannleikurinn sagna bestur?
- Hvað tryggir okkur hamingjusamt líf?
- Er hægt að gera ekki neitt?
- Eiga dauðarefsingar rétt á sér?

Nemendur kynnast einnig sögu heimspekinnar, fyrstu heimspekingunum, hvað þeir voru að velta fyrir sér og kenningum valdra heimspekinga.

**Verkefni:** Farið er fram á mikla þátttöku nemenda í kennslustundum í formi almennra umræðna, hópvinnu- eða einstaklingsverkefna. Til að nemendur nái settum markmiðum er komið víða við og fjölbreytt viðfangsefni lögð fyrir nemendur. Auk þess verður horft á valdar kvikmyndir og verkefni unnin samhliða þeim.

**Námsmat:** Verkefnavinna, ritgerðir og þátttaka í tímum lögð til grundvallar.

**Kennslugögn:** Textabrot úr völdum verkum, Vísindavefurinn, ljósritaðir textar og kvikmyndir

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Þorleifur Örn

## Hvað get ég gert? 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Verkefnavinna, upplifun og tjáningarleikir sem þjálfar og styrkja félagsfærni, sjálfsmynd, sjálfstraust og styrkleika nemenda. Miðað er að því að aðstoða nemendur við að átta sig á góðum fyrirmyndum og að setja sér markmið.

Hver er ég? Fyrir hvað stend ég?

Lifa í núnu, slökun - einbeita sér að því sem skiptir máli.

Verum óstöðvandi og skipuleggjum eigin árangur.  
Förum út fyrir kassann og ögrum okkur án takmarkana.

**Námsmat:** Símat. Virkni og vinnuframlag

**Kennslugögn:** Efni frá kennurum

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

**Kennari:** Jóhanna

## Kvikmyndasaga 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Kvikmyndasagan skoðuð frá því að fyrstu hreyfðu myndirnar komu fram á 16 öld til dagsins í dag, horft á nokkrar vel valdar kvikmyndir frá 1915 til 2019, þær ræddar í ljósi þess tíma sem þær voru gerðar og hvernig þær segja ekki einungis þá sögu sem þeim er ætlað, heldur hvernig þær varpa ljósi á þann samtíma sem þær eru sprottnar upp úr.

Vegna þess að flestar myndirnar munu fara yfir einn tíma (2 kest) þá mun hver mynd og umræður henni tengdar ná yfir tvær vikur, því er mæting í tíma einstaklega mikilvæg.

**Verkefni:** Umræður í tímum og skil á skriflegri kvikmyndagagnrýni tvisvar yfir önn. Gagnrýninni má einnig skila myndrænt í gegnum aðra miðla, s.s. sem videóblogg.

**Námsmat:** Þetta er staðið eða fallið áfangi og er ætlast til að mæting sé í það minnsta 70%. Einkunn byggir á kennaramati þar sem tekið er tillit til virkni í tímum, mætingar, skila á verkefnum.

**Kennslugögn:** Kvikmyndir og kvikmyndabrot, valið af kennara. Valið mun innihalda eitthvað af eftirfarandi kvikmyndum en kennari áskilur sér þó rétt til breytinga ef þarf:

The Great Dictator, Charlie Chaplin (1940)

One Flew Over The Cuckoo's Nest (1975), The Birth of a Nation (1915)

Gone With the Wind (1939), Mary Poppins (1964), Grease (1978)

Forrest Gump (1994), Vertigo 1958, Casablanca (1942), Brokeback Mountain (2005)

The Adventures of Priscilla, Queen of the Desert (1994), A Kid Like Jake (2018)

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

**Kennari:** Arna Magnea Danks

## Lífið er alls konar

**Námslýsing:** Um er að ræða jafnréttis- og kynjafræðslu þar sem farið verður yfir hugtökin staðalímynd, fyrirmynd og jafnrétti og hvað er venjulegt fólk og hvað ekki. Skoðaður verður gagnkynhneigður veruleiki, hinsegin veruleiki og út frá því landafræði óttans (Geta báðir þessir hópar ferðast á sömu forsendum?)

**Verkefni:** Námskeiðið byggir á uppgötvunar- og umræðunámi þar sem allir taka þátt, bæði nemendur og kennari, eftir stutta innlögn kennara. Í umræðum verður leitað eftir huglægum niðurstöðum nemenda út frá upplifun þeirra og upplýsingasöfnun. Ekkert er rangt og ekkert er rétt heldur er um lifandi umræður að ræða.

**Námsmat:** Mat byggist á sjálfsmati, jafningamati og kennaramati sem horfir fyrst og fremst til virkni í tímum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v

**Kennari:** Arna Magnea Danks

## Gerger-makerspace 08, 09 og 10

**Námslýsing og markmið:** Í gergeri/makerspace er lögð áhersla á að hver og einn nemandi vinni sig sjálfur áfram með ýmis verkefni.

Ákveðin verkefni eru: einföld forritun með micro:bit og eTwinning samstarf. Önnur verkefni mótast af þeirri vinnu sem fer fram og nemendur og kennari sammælast um.

Verkefnið er einstaklingsmiðað og taka nemendur þátt í að móta námskeiðið.

**Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt:** Sköpun og miðlun og siðferði og öryggismál við lok 7. og 10. bekkjar grunnskóla.

**Námsmat:** Vinna og afrakstur metin út frá námslýsingu og markmiðum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest./v. í eina önn

**Kennari:** Ragnhildur

## Spænska 08, 09 og 10 - byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Kennnd eru undirstöðuatriði spænskrar tungu auk þess sem nemendur kynnast menningu spænskumælandi þjóða. Horft verður á spænskar og Suður-Amerískar kvikmyndir og rætt verður um sögu og hefðir hinna spænskumælandi landa. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfarar nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfarar hlustun og æfa framburð. Farnar eru fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda.

**Námsmat:** Símat sem byggir á vinnu í kennslustundum. Áhersla er lögð á að nemandi sýni sjálfstæði og taki ábyrgð á eigin námi.

Mappa – nemandi safnar verkefnum sínum og öðru efni í möppu

Málskilningur: Verkefni og kannanir

Virk þátttaka í kennslustundum

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v allan veturinn

**Kennari:** Sigrún F.

## Spænska framhaldsáfangi 09 og 10

**Námslýsing:** Fylgt er námskrá framhaldsskóla. Lögð er megináhersla á undirstöðuatriði spænskrar tungu en einnig fá nemendur innsýn í valda þætti í menningarlífi íbúa Spánar og Suður- Ameríku. Í kennslustundum eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfarar hlustun og æfa framburð. Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans og samræmist fyrsta áfanga á menntaskólastigi.

Skilyrði: Nemendur þurfa að hafa lokið grunnáfanga í spænsku.

**Námsmat:** Byggist á verkefnum, kaflaprófum, sjálfstæði og ábyrgð í námi.

Mappa – nemandi safnar verkefnum sínum og öðru efni í möppu

Málskilningur: Verkefni og kannanir

Virk þátttaka í kennslustundum

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v allan veturinn

**Kennari:** Sigrún F.

## Stærðfræði – Grunnur/aðstoð við heimanám í stæ 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Stærðfræði - grunnur er fyrir nemendur sem hafa ekki náð nægjanlega góðum tókum á undirstöðuatriðum stærðfræðinnar og vilja bæta stöðu sína í faginu. Einnig er þetta valfag ætlað nemendum sem þurfa aðstoð við heimanám í stærðfræði.

Aðaláhersla verður lögð á að þjálfar grunnatriði í talnafræði, rúmfræði og algebru.

**Kennsluaðferðir:** Áhersla er lögð á virkni í tímum og verkefnavinnu. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálfar leikni, auki skilning og ánægju af vinnu með stærðfræði. Unnið verður í litlum hópum og reynt verður að nálgast þarfir sérhvers nemanda eins og kostur er. Unnið er með öll helstu grunnatriði stærðfræðinnar svo sem röð reikniaðgerða, heilar tölur og brot, margföldun, deilingu, undirstöðuatriði rúmfræði og grundvallaratriði algebru. Unnið verður markvisst með kennsluforrit í þeim tilgangi að auka færni nemenda, dýpka skilning, auka leikni og sjálfstraust. Próf eru ekki lögð fyrir í þessum valáfanga.

**Námsmat:** Námsmat er símat yfir veturinn og tekur mið af eftirfarandi þáttum:

Virgri í kennslustundum, vinnusemi, sjálfstæði og samvinna ..... 40%

Verkefnaskil/skilamappa: Haustönn ..... 30%

Verkefnaskil/skilamappa: Vorönn ..... 30%

Að jafnaði er heimavinna ekki sett fyrir í þessum valáfanga.

Kennslugögn sem skólinn útvegar:

„Stærðfræði 3000 Undirstaða Almenn braut“, Höfundar: Lars-Eric Björk ofl., Valin verkefni úr Almenn stærðfræði 1, 2 og 3, Ítarefni frá kennara og ýmis kennsluforrit.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kennslustundir á viku

**Kennari:** Grímur Bjarnason og Hanna Dóra

## Stærðfræði – Framhald I 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Áfanginn er fyrir nemendur sem standa vel í stærðfræði. Á haustönn verður unnið með talnareikning, algebru, rökþrautir og verkefni úr stærðfræðikeppnum.

Á vorönn er unnið með rúmfræði, þemaverkefni um fjármál, mengi, rökþrautir og verkefni úr samræmdum prófum.

Hverjum námsþætti lýkur með skilum verkefnamöppu.

**Kennsluaðferðir:** Nemendur vinna í litlum hópum með raunhæf verkefni og rökþrautir sem reyna á hugmyndaflug og rökhugsun. Áhersla er lögð á að þjálfar innsæi, umræður, samvinnu í verkefnavinnu og að nemendur hafi ánægju af stærðfræði. Valhópurinn tekur þátt í stærðfræðikeppni MR. Áfanginn er góður undirbúningur fyrir stærðfræði – framhald II sem er í boði fyrir 9. og 10. bekk.

**Námsmat:** Símat sem byggt er á þátttöku/virkni, samvinnu, verkefnaskilum og kynningum verkefna.

**Verkefnavinna** í skóla og verkefnaskil ..... 80%

Þemaverkefni: Valverkefni og kynning ..... 10%

Þemaverkefni um fjármál og kynning ..... 10%

Að jafnaði er heimavinna ekki sett fyrir í þessum valáfanga. Undantekning frá þeirri reglu er þegar nemendur safna upplýsingum og undirbúa kynningar þemaverkefna.

**Kennslugögn:** STÆ 103. Höfundur: Jón Þorvarðarson og verkefni frá kennara.

**Ítarefni:** Stærðfræðiþrautir og valin verkefni frá kennara.

**Kennsluvefir:** nams.is, rasmus.is, skólavefurinn og fleiri námsvefir í stærðfræði.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kennslustundir á viku.

**Kennari:** Brynja Dagmar Matthíasdóttir og Grímur Bjarnason

## Stærðfræði- Framhald II 09 og 10

**Skilyrði þátttöku:** Góður árangur í stærðfræði (lágmarkseinkunn B)

**Námslýsing og kennsluaðferðir:** Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum fyrsta stærðfræðiáfangna framhaldsskóla. Nemendur vinna einstaklingslega og/eða í litlum hópum með krefjandi raunhæf verkefni sem þjálfar leikni og vinna markvisst með úrlausnarefni sem dýpka skilning.

Áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust og þjálfist í rökhusun, samvinnu og tjáningu um stærðfræðileg viðfangsefni. Einnig fá nemendur tækifæri til að þjálfar sig í að flytja kynningu með stærðfræðilegum útskýringum. Nemendur vinna með raunhæf úrlausnarefni og rökþrautir. Reglulega verður unnið með verkefni úr stærðfræðikeppnum til að dýpka skilning og þjálfar rökhusun og auka færni í stærðfræði. Kennsluforrit eru nýtt markvisst t.d. eins og Khan Academy, GeoGebra, Excel og fleiri.

**Helstu námsþættir:** Bókstafareikningur, undirstöðuatriði hornafræði og fræðsla um fjármál. Unnið verður með grundvallarreglur algebru, forgangsröð aðgerða, liðun og þáttun, veldi, ferningsrætur, ferningsreglur og samokareglu. Unnið verður með brot og brotabrot. Jöfnur með einni eða fleiri óþekktum stærðum og annars stigs jöfnur. Farið verður í hlutfalla- og vaxtareikning. Frumhugtök rúmfræði og flatarmyndir. Nemendur vinna þemaverkefni um fjármál þar sem þeir nota vaxtareikning og vinna með heimilisbókhalda.

**Námsmat:**

Verkefnavinna í skóla og verkefnaskil/möppuskil ..... 80%  
Þemaverkefni um fjármál og kynning ..... 20%

Að jafnaði er heimavinna ekki sett fyrir í þessum valáfanga. Undantekning frá þeirri reglu er þegar nemendur safna upplýsingum og undirbúa kynningar þemaverkefna.

**Kennslugögn:** Bókstafareikningur handa 3. bekk. Höf. Gylfi Guðnason, Bjarni Gunnarsson og Sigríður Hlíðar. Útgefandi Menntaskólinn í Reykjavík.

**Ítarefni:** Stærðfræðiþrautir og valin verkefni frá kennara.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kennslustundir á viku

**Kennari:** Brynja Dagmar Matthíasdóttir og Grímur Bjarnason

## Vísindavaka, verklegar æfingar (tilraunir) 09 og 10

**Námslýsing:** Í verkefninu Vísindavöku er unnið eftir grunnhugmyndum leitarnáms (inquiry based learning) sem er kennsluaðferð sem leitast við að fylgja ferli vísinda með því að spyrja spurninga, afla upplýsinga, greina þær og gera þeim skil. Í byrjun framkvæmum við tilraunir sem tengjast eðlis- og efnafræði, öðlumst færni í vísindalegum vinnubrögðum þeim tengdum og skráum niðurstöður í skýrslum. Seinni hluta námskeiðsins hanna nemendur sína eigin tilraun út frá rannsóknarspurningu, fylgja ferli vísinda og bjóða yngri nemendum á vísindasýningu og kynna niðurstöður sínar. Með því að fylgja ferli vísindanna öðlumst við innsýn í hug vísindafólks og getum þannig gert okkur grein fyrir því hversu ótrúlega spennandi, krefjandi og áhugaverð vísindin eru. Þau útheimta vissulega þolinmæði og þrautseigju, en með réttu aðferðunum getur eitthvað ótrúlegt gerst. Hægt er að skoða betur hugmyndafræði Vísindavöku á þessari slóð:

<http://visindavaka.natturutorg.is>

**Markmið:** Að nemendur æfi sig í að vinna eftir ferli vísinda, læri orðið „breyta“ og geti beitt því, geti útskýrt athugun á vísindalegan hátt fyrir öðrum og þjálfist í að koma fram og kynna fyrir öðrum

**Kennsluaðferðir:** Áhersla er lögð á verklegar æfingar.

**Námsgögn:** Lesefnis sem kennari tekur saman og dreifir til nemenda, heimildarmyndir og ýmis verkefni frá kennara. Lesefni sem nemendur finna, er tengist þeirra áhugasviði og rannsóknarspurningu.



**Námsmat:** Skýrslur og kynningar á niðurstöðum verða metnar út frá völdum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, sem og virkni og þátttaka í tímum.

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v í eina önn

**Kennari:** Laufey Alda Sigvaldadóttir

## Þýska 09 og 10 - byrjendaáfangi

**Námslýsing:** Kennð eru undirstöðuatriði þýskrar tungu auk þess sem nemendur fá innsýn í menningu þýskumælandi þjóða. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfarar nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfarar hlustun, ritun og æfa framburð. Farnar eru fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda. Unnið verður með þýska tónlist og horft á stutt kennslumyndbönd í þýsku.

**Skilyrði:** Nemendur sem velja þýsku þurfa að standa sig vel í öðrum tungumálum.

**Kennslugögn:** Ping pong 1 eftir Gabriele Kopp og Konstanze Frölich, lesbók og vinnubók Námsfni frá kennara, myndbönd og geisladiskar

**Námsmat:** Byggist á verkefnum, kaflaprófum, sjálfstæði og ábyrgð í námi.

Mappa – nemandi safnar verkefnum sínum og öðru efni í möppu

Málskilningur: Verkefni og kannanir

Virk þátttaka í kennslustundum

**Kennslustundafjöldi:** 2 kest/v allan veturinn

## Nám utan skóla 08, 09 og 10

**Námslýsing:** Sérstaklega skal bent á það að nemendur geta fengið nám t.d. við tónlistarskóla, myndlistarskóla, skákskóla, reiðskóla, málaskóla eða ballettskóla metið sem 2 kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá metna þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi (svo sem hjá Gróttu), félagsstarfi eða sjálfboðaliðastarfi til tveggja kennslustunda. Skilyrði er að viðkomandi skólar haldi utan um mætingar og virkni nemenda. Val af þessu tagi fellur undir frjálst val nema sérstaklega sé samið um annað. Sæki nemendur í 9. eða 10. bekk nám á tveimur stöðum utan skólans fá þeir hvort um sig metið sem 2 kest/v.

**Kennslustundafjöldi:** 2- 4 kest/v

## VARAÓSKIR

**Nemendur verða að setja fram tvær varaóskir** í hverjum flokki (listgreinar, verkgreinar og bóklegar greinar/íþróttir) um valgreinar sem þeir geta hugsað sér að taka ef skólinn getur ekki orðið við óskum þeirra um valgreinar. Varaóskir skifa nemendur á línur fyrir neðan fjölvalsspurningarnar.